

Umdæmisstjóri - Governor 2016 -2017 Haukur Sveinbjörnsson



Ég er fæddur 6. október 1961 á Hornafirði og þriðji yngsti af 9 systkinum. Þar var gott að alast upp og mikið hægt að bralla kringum bryggjurnar og svo var maður í sveit á sumrin í sveitastörfum. Ég á tvö börn Selmu Hrönn og Óskar Þór. Kona mín heitir Þorbjörg Lilja Óskarsdóttir og á hún fjögur börn og þrjú barnabörn og er hún starfandi félagsmaður í Kiwanisklúbbnum Sólborg Hafnarfirði. Ég kláraði gagnfræðaskóla á Höfn og fór svo í Lýðháskóla í Skálholti. Ég stundaði sjómennsku í nokkur ár og vann einnig í vegagerð og steypustöð og hef ég öll réttindi á vinnuvélar, meirapróf og rútupróf. 1. janúar 1988 tók ég við umboði Olís á Hornafirði og rak þar sjoppu og þjónustu á olíuvörum, smurólíum og keyrði olíubíl í nágrennasveitir og í skip. Olís keypti af mér reksturinn 2004 síðan hef ég verið starfsmaður þeirra. Í janúar 2014 flutti ég til Hafnarfjarðar og er starfandi sölumaður í smurólíu og eldsneytisdeild hjá Olís í Reykjavík. Ég hef verið í ýmsum félagsstörfum, var formaður Hestamannafélagsins Hornfirðings í tvö ár og þar í stjórn í sex ár. Einnig var ég í Sjöbjörgunardeild Björgunarfélags Hornafjarðar og í Rauðakrossdeildinni. Var ég í byggingar- og skipulagsnefnd Hornafjarðar í átta ár. Einnig starfaði ég við sjúkrabíl í tólf ár með annarri vinnu. Ég hef starfað í Kiwanisklúbbnum Ós frá stofnun hans 1987 og gengt öllum embættum, gjaldkeri tvisvar sinnum, ritari, forseti hef ég verið fjórum sinnum og svæðisstjóri Sögusvæðis einnig hef ég verið formaður Tryggingasjóðs í nokkur ár. Áhugamál mín fyrir utan Kiwanis eru hestamennska, allskonar veiðiskapur og útivera.

Kjörorð mitt sem umdæmisstjóra er:
Eflum innra starf, verum sýnileg.